



1, 4.

N. STEINGRÍMUR THORLÁKSSON
RITSTJÓRI.

MARZ 1906

Notið tímann vel.

II.

Eg var síðast að tala við ykkur um það, hvað tíminn væri dýrmætur. Og hvað *naudsynlegt* það er fyrir ykkur að nota hann vel.

Nú ætla eg að tala við ykkur um það, *hvernig* þið eigið að nota tímann vel. Og eg ætla að biðja ykkur að taka eftir og hugsa um það, sem eg segi ykkur, og líka að *gera* það. Munið það.

Eg byrja þá á því að spyrja ykkur að einu. Eg veit, að þið brosið að mér, þegar þið heyrið það. En það gerir ekkert til. Það er saklaust, börn. Og mér þykir gaman að ykkur, þegar þið brosið sakleysislega. Þið verðið svo falleg, þegar sakleysis-brosið leikur á andlitunum á ykkur.

En það var spurningin. Þið viljið fá að heyra hana. Þetta er spurningin: *Éruð þið fljót að klæða ykkur?*

Þið eigið að flýta ykkur að klæða ykkur og læra að verða fljót að því.

Það er ljótt að sjá börn vera lengi að klæða sig. Þau hanga við það sum. Það er eins og þau varla viti, hvort þau eigi að gera það. Taka eina spjör, og fleygja henni svo aftur. Taka svo aðra, horfa á hana, snúa henni á alla vegu, eins og þau sé að hugsa um, hvort þau eigi að fara í hana að ofan eða að neðan, eða hvort hún heyri neðra partinum til eða efra partin-

um, eða hvort eigi að pota fótunum í hana eða láta hana laumast yfir höfuðið. Svo tekur það svo langan tíma að komast í hverja spjörina, að það lítur út fyrir, að þau verði ekki búin að klæða sig fyrr en um það leyti að þau eiga að fara að háttá. En þetta er ekki fallegt. Börn eiga að læra að vera fljót að klæða sig. En þau eiga ekki að klæða sig illa, bara einhvern veginn að komast í fötin, láta sér standa á sama, hvort þau snúa út eða inn, aftur eða fram, sitji vel eða illa. Þetta er líka ljótt. Börnin eiga að læra að klæða sig bæði fljótt og vel.

Þau börn, sem læra það, læra að gera fleira fljótt og vel. Þau læra að vera við verkið sitt, hugsa um að koma því af, og verða dugleg. En þau komast ekki upp á það að dunda við verkið sitt, hanga yfir því, aldrei ætla að komast að því og verða svo ónýtt.

Það eru svo margir, sem dunda við það, sem þeir eiga að gera, alt að einu eins og þeir hafi enga aðra hugmynd um tímann sinn en þá, að þeir eigi að eyða honum. Þeir hringsnúast í kring um verkið sitt, en gera ekki neitt, bara eyða tíma. Þeir eru einlægt að horfa á klukkuna eða spyrja, hvað klukkan sé. Og þeim finst tíminn svo leiðinlega langur.

Þetta eru ónýtir menn.

En því fóru þeir svona með tímann sinn? Að því þeir lærðu ekki meðan þeir voru börn að nota tímann sinn. Vöndust á það þá að dunda og láta sér standa á sama, hvað yrði úr tímanum.

Börnin mín! lærið þið nú að vera fljót að klæða ykkur. Dundið ekki. Munið mig um að dunda ekki við neitt, sem þið eigið að gera. Það er svo ljótt óhræsis-dundið. Og það gerir ykkur líka ljót. En ljót megið þið ekki verða, heldur falleg. Og ykkur langar líka sjálf til þess að verða falleg. En það gerir ykkur falleg, að þið lærið að flýta ykkur, og gera það, sem þið eigið að gera, bæði fljótt og vel. Mér þykir líka svo dæmalaust gaman að fallegum börnum.

Eg tala svo ekki meira við ykkur um þetta í þetta sinn. En bæti einhverju við næst.

Gimsteinn.

Þið vitið líklega, börn, að dýrindis steinar eru kallaðir gimsteinar. Þó nóg sé af steinum til á Íslandi, þá er þar engin gimsteina-taka. Við fluttum því enga gimsteina með okkur frá

Íslandi. Og við Íslendingar höfum heldur ekki verið svo ríkir, að við höfum haft efni á að kaupa mikið af gimsteinum. Við eigum þó það, sem kalla má *gimsteina* og meira virði er en nokkrir vanalegir gimsteinar. Og við fluttum það með okkur að heiman hingað í nýju heimkynnin okkar. Þið þurfið að læra að þekkja það, börn, og læra að meta það og láta ykkur þykja vænt um það. Þá líka um leið læra að láta ykkur þykja vænt um gamla landið, Ísland, og íslenzku þjóðina, þjóðina ykkar, sem á í eigu sinni *gimsteina* og vill láta ykkur eiga þá og njóta þeirra.

Eg bendi ykkur nú á einn slíkan *gimstein*, sem við Íslendingar eigum og fluttum með okkur að heiman. Við megum ekki gleyma honum. Ekki láta hann liggja niðri í skúffu eða uppi á hillu og láta koma ryk á hann, heldur færa okkur hann í nyt og láta hann verða okkur til blessunar. Þá geymum við hann vel. Eitt gott við þennan *gimstein* er það, að þó hann sé dýr-mætur, þá er hann ekki *dýr*. Svo þó að við höfum ekki efni á að kaupa dýru gimsteinana, sem fólk setur utan á sig, þá höfum við þó öll efni á að kaupa þennan ódýra, en þó dýrmeta gimstein, sem þrýtt getur okkar innra mann, hjartað okkar, ef við færum okkur hann í nyt eins og á að gera.

Þessi *gimsteinn* eru nú, börnin mín, *Passíusálmarnir* okkar. Maðurinn, sem samdi þá og söng þá fyrst og gaf okkur Íslendingum þá til þess að lesa og syngja, hét *Hallgrímur Pétursson*. Hafði þið ekki öll heyrt talað um hann? Hann var prestur á Íslandi fyrir mörgum mörgum árum síðan. Hann dó 1674. Hann var fátækur, en átti orð, sem gerði hann ríkan. Og hann hefur gert margan ríkan. Auðurinn hans var *trúin* á drottin okkar og frelsara Jesúm Krist og *kærleikinn* til hans. Og þennan auð eignaðist hann með því að hugsa um þínu og dauða Jesú. Hann sá þar allra skýrast kærleika Jesú til hans og allra manna. Og hann trúði á þennan kærleika og elskaði svo Jesúm. Guð hafði líka gefið honum gáfuna til þess að yrkja. Hann var skáld. Og svo söng hann um þennan kærleika, sem hann þekti sjálfur og átti, með þessum sálmum sínum, *Passíusálmunum*. Og hann hefur sungið þennan kærleika inn í margra margra hjörtu með þessum sálmum. Þess vegna hefur hann auðgað svo margan Íslending með þeim. Og þess vegna þykir svo mörgum Íslending vænt um þá.

Sálmarnir eru út af píslarsögu frelsarans og vegna þess eru þeir kallaðir *passíu-* (eða píslar-) sálmur. Það hefur verið siður hjá okkur Íslendingum—fallegur siður—, að lesa þá og syngja sérstaklega á föstunni; því á föstunni, sjö vikunum næstu

á undan páskunum, eigum við sér í lagi að hugsa um þínu og dauða Jesú, hugsa um kærleiks-fórnina hans miklu, hugsa um, hvað það kostaði hann að frelsa okkur memmina, og hvað hann lagði á sig af kærleika til guðs og manna. Og ef við hugsum um þetta eins og við eigum að gera, þá vex trúin á hann hjá okkur, og þá vex kærleikinn til hans hjá okkur, og þá vex viljinn líka hjá okkur. Við *viljum* þá leggja meira á okkur fyrir *hann*. Og við *getum* þá líka lagt meira á okkur fyrir *hann*.

Við elskum ekki Jesúm, börn, ef við viljum ekki leggja neitt á okkur fyrir hann.

Lærið þið nú að lesa og syngja *Passíusálmana*. Þið lærið þá að hugsa um það, sem Jesús lagði á sig fyrir *ykkur*. Þið farið þá að finna til, hvernig hann elskaði *ykkur*. Og þið fáið þá löngun til þess að leggja eitthvað á *ykkur* fyrir *hann*. Þá hafið þið gagn af föstum. Og þá verða *Passíusálmarnir* *ykkur* líka *gimsteinn*.

Eg er viss um að þið kunnið eitthvað af versum úr þeim, t. d. „Vertu, guð faðir, faðir minn“. Og þetta: „Vaktu, minn Jesú, vakt' í mér“. Og þetta: „Hveiti-korn þektu þitt“. Alt saman vers, sem *ykkur* þykir vænt um. Hérna set eg svo eitt vers úr þeim, inndælt morgunvers. Lærið það, ef þið eruð ekki búin að því. Og brúkið það sem morgunbæn. Vænst þætti mér um, ef þið lærðuð að syngja það. Þið hafið mest gagn af því, ef þið syngið versin *ykkar*.

Árla dags uppvaknaður
ætíð eg minnst þín,
Jesú minn, hjálpar hraður;
hugsa þú æ til mín.
Árla á efsta dómi
afsökun vertu mér:
minstu þá, frelsariinn frámi,
hvað fyrir mig leiðstu hér.

Pass. 15, 17.

Gæsablómið (The Daisy).

Eftir dr. *Lyman Abbott*.

Fursti nokkur gekk út í vingarð sinn að skoða hann. Kom hann þar að aldintré einu og sagði við það: „Að hvaða gagni ert þú mér?“

Tréð svaraði: „Á vorin springa út blóm á mér, er gera loft-

íð ilmandi, og á greinum mínum vaxa svo ávextir, sem eru færðir þér í höll þína."

„Vel gert, þú dyggi þjórn"—sagði furstinn.

Gekk hann svo út á engið og spurði grösin: „Hvað gerið þið?"

Og grösin svöruðu: „Við gefum líf okkar fyrir aðra, svo skepnurnar fái næringu."

„Vel gert, þið dyggu þjórnar!"—sagði furstinn.

Þar næst kom hann þar að sem óx lítið gæsablóm. Við það sagði hann: „Hvað hefst þú að?"

„Ekkert! Ekkert!"—svaraði gæsablómið; — „fuglarnir geta ekki notað mig fyrir hreiður sín; eg get ekki veitt nautpeningnum skjól; enga ávexti sendi eg í höll þína, og eg get ekki einu sinni verið til fódurs fyrir skepnurnar. Alt, sem eg get, er að vera eins gott lítið gæsablóm og mér er unt."

En furstinn beygði sig niður og kysti gæsablómið og sagði: „Enginn er betri en þú."

Þýð. K. K. Ó.

Steinninn í veginum.

(Þýtt.)

Það er saga ein um konung nokkurn. Hann fór eina nótt á fatur og velti stórum steini út á veginn. Um morguninn var hann snemma á fótum. Hann langaði til að sjá, hvað fólk gerði við steininn.

Þá sér hann sterkan bónda koma eftir veginum akandi í vagni með tveimur uxum fyrir. Það hefði verið innan handar fyrir hann að standa við og velta steininum úr veginum. En hann fer að eins að vandræðast út af steininum og segir: „Lítið bara á! Hérna liggur þá stór steinn rétt á veginum, og enginn nenni að hafa fyrir því að velta honum burt." Svo ekur hann á stað og lætur steininum vera.

Þá kemr hermaður gangandi, státinn og stæltur. Hann verður ekki var við steininn fyrr en hann rekur í hann fótinn og er nærri dottinn. Hann verður reidur og vonskast út af því, að fólk skuli ekki hafa tekð steininn úr veginum. En sjálfur snertir hann ekki hendi sinni við honum, heldur fer leiðar sinnar.

Þá kemur stór hópur af fólki, sem ekur inn í bæinn með vörur sínar. Allir kvörtuðu þeir yfir steininum í veginum, en enginn nenti að hafa fyrir því að velta steininum burt.

Þessu heldur áfram þrjár vikur. Enginn snertir steininn,

Þá kallar konungurinn fólkid saman að steinjunum og segir: „Vinir mínir! Fyrir þrem vikum síðan velti eg sjálfur steini þessum út á veginn. Og þennan tíma hef eg tekið eftir því, að öllum, sem um veginn hafa farið, hefur sárnað að sjá steininn í veginum, og þeir hafa vonskast við aðra út af því, að enginn skyldi taka hann burt. En enginn hefur nent að gera það. Nú ætla eg að gera það sjálfur.“

Að þessu búnu veltir hann steininum út af veginum. En sjá! Undir steininum liggur peningapyngja og stendur þetta skrifad á hana: „Handa þeim, sem veltir burtu steininum.“ Konungurinn opnar pyngjuna og eru í henni 20 gullpeningar og fagur gulhringur.

En hvað fólkí sárnaði það nú, að það skyldi ekki hafa tekið steininn burt! Bóndinn og hermaðurinn, sem líka voru þarna viðstaddir, og allir hinir, sem farið höfðu fram hjá, vildu nú gjarnan fá launin. En — þeir höfðu ekki unnið til þeirra. Þeir höfðu ekki nent að velta steininum úr veginum. Höfðu ekki viljad leggja það á sig til gagns fyrir almenning.

Kæru börn! Það eru margskonar steinar til. Þeir liggja í vegi fyrir okkur og í vegi fyrir öðrum. Og það er fjársjóður fölginn undir hverjum steini. Og því stærri sem hver steinn er og því meira sem þið þurfið á ykkur að reyna við hann, því stærri verður fjársjóðurinn, sem þið eignist.

Gangið ekki fram hjá steinum, þótt þeir sýnist stórir. Verðið ekki vond út af því, að þeir sé í veginum. Látið þá ekki liggja, þó það kosti ykkur áreynslu að eiga við þá eða þó ykkur finnist, að öðrum sé mest þægðin í því, að þeir sé teknir burt. Segið ekki: „Æ, eg nenni ekki að eiga við þá! Aðrir geta gert það.“ Þið græðið á því að eiga við þá og velta þeim úr vegi. Munið, að fjársjóður liggur undir þeim. Guð hefur lagt fjársjóð undir hvern stein, sem hann vill þið eigið við og veltið úr vegi.

Hverjir eru svo steinarnir? Og hver er fjársjóðurinn? Hvert ykkar getur sagt mér það? Eg ætla að byðja ykkur að segja mér það skriflega. Því barni, sem leysir bezt úr spurningunni, verða gefin einhver verðlaun. En greinileg utanáskrift og aldur þess, sem sendir úrlausnina, þarf að fylgja með.

Hverju þeirra þótti vænt um vömmu sína?

(Þýtt.)

Sól'n var gengin undir og það var farið að dimma í setu-

stofunni. Vindurinn hvein og það blés í gegn um skráargötin og undir hurðirnar.

Mamma sat í stóra ruggu-stólnum með börnin sín öll í kring um sig. Villi litli, yngsta barnið, sat í kjöltu hennar. Solla á annarri stólbrikinni, Kobbi á hinni, og hölluðu sér upp að mömmu sinni, en Siggi, elsti drengurinn, sat fyrir framau hana á fótaskemli eins nærri henni og honum var unt.

„Mér þykir vænt um þig, mamma!“—sagði Solla.

„Mér líka!“ „Mér líka!“ „Mér líka!“—hrópuðu öll hin í einu hljóði hvert í kapp við annað.

„Mér þykir vænna um þig en nokkur annar getur gert, því eg er elstur. Mér hefur þótt vænst um þig lengst“ — sagði Siggi.

„Mér þykir vænst um þig, því eg er eina stúlkan þín“—sagði Solla.

„Mér þykir svo vænt um þig, að eg vildi að stórt bjarn-dýr elti þig, þá skyldi eg skjóta það“—sagði Kobbi.

„Eg get ekki sagt, hvað mér þykir vænt um þig“—sagði Villi litli og lagði handleggina um hálsinn á mömmu sinni og kysti hana og kysti.

Þá kystu öll börnin hana í einu og þau ætluðu nærri því að kæfa aumingja-mömmu í kossun og ástaratlotum.

„Þykir ykkur vænt um mig, börn?“—spurði hún. „Vitid þið eiginlega, hvað kærleikur er?“

„Nú, kærleikur er kærleikur — eitthvað, sem maður finnur til í hjarianu og lætur mann langa til að gera eitthvað fyrir einhvern.“

„Já, kærleikur er að gera eitthvað, ekki það, sem maður sjálfur vill,—heldur gera eitthvað fyrir einhvern annan, máskje eitthvað ervitt og óskemtilegt.“

Rétt í þessu blístraði pósturinn fyrir utan dyrnar, og börnin hlupu til þess að vita, hvað hann hefði komið með. „Það er bréf til mín“—sagði mamma, og opnaði það og fór að lesa. „Ég þarf að skrifa og svara því undir eins, svo að það geti komist með kvöldpóstinum. Hvert ykkar vill fara með bréf fyrir mig í póstkassann?“

Siggi leit út um gluggann. Vatnsstígvélin hans voru uppi á lofti. Æ, hann átti eftir fimm reikningsdæmi. Því gat ekki bréfið beðið til morguns? Hann gat farið með það um leið og hann færi á skólann.

Kobbi leit líka út um gluggann. Úh! En það myrkur! Ekki vildi hann vera einn úti í öðru eins myrkri. Hann var

hræddur við það. Það gæti vel verið, að einhver björninn væri í einhverju horninu.

Solla hugsaði með sér: „Ékki vill hún mamma mín þó að eg fari, úr því að Siggi og Kobbí eru heima. Eg er kominn úr skónum mínum. Mér er líka illa við að fara út í kuldann.“

Þegar nú mamma var búin að skrifa bréfið, leit hún upp. Þá sér hún Sigga sokkinn niður í reikning. Kobbí var allur við gullin sín. Solla var að keppast við, alt sem hún gat, að þrjóna hettu á brúðuna sína. Villi litli stóð einn hjá mömmu síni. Hana var kominn í stóru stígvélin sín og yfirfrakkann sinn með kragann upp yfir eyru á sér.

„Ég er til, mamma!“—sagði hann.

„En ertu ekki hræddur, Villi minn, að fara einn?“—spurði hún. „Það er dímmt úti og kalt.“

• „Mér þykir vænt um þig, mamma“—sagði hann. „Ég vil hlæpa fljótt, og eg held ekki, að nokkuð geri mér neitt.“

„Jæja, þú mátt fara“—sagði mamma. „En þú mátt ekki villast, litli minn. Eg horfi á eftir þér úr glugganum. Eg veit nú, hverjum þykir vænst um mig“—bætti hún við brosandí, en þó með sorgar-svip. „Kærleikurinn hugsar ekki um sjálfan sig. Og kærleikurinn sigrar ót ann. Er það ekki satt, Villi minn?“

KÆRU BÖRN.—Munið eftir auglýsingunni í síðasta bladi „Barnanna.“

„Sameiningin“ kemr út mánaðarlega. Hvert númer tvær arkir heilar. Verð einn dollar um árið. Skrifstofa 118 Emily St., Winnipeg, Canada. „Börninn—barnablaðið nýja—er sérstök deild í „Sam.“, há'f örk. *Address* ritstjóra „Barnanna“: Selkirk, Man. — „Börninn“ koma og út sérstaklega—og eru seld fyrir 35 ct.

Hr. *Jón J. Vopni* er féhirðir og ráðsmaðr „Sam.“ og „Barnanna“. Einnig gegnir hann féhirðisstörfum fyrir kirkjufélagið, og sé honum greidd öll tillög í sjóð félagsins.

Address: Sameiningin, P. O. Box 689, Winnipeg, Man.,
Canada.